



Ársskýrsla BLÍ



2023-2024

Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ.....	3
Nefndir BLÍ.....	4
Fjöldi blakiðkenda frá 1969.....	5
Skýrsla Stjórnar BLÍ 2023-2024.....	8
Stjórn og framkvæmdastjórn.....	8
Íþróttaleg viðskipti og fjármál afreksstarfs.....	8
Fjölmiðlar og samskipti.....	9
Blakfólk ársins.....	9
Erlend samskipti.....	10
Fjármál.....	10
Framtíðin.....	10
Skýrsla Mótanefndar BLÍ.....	11
Skýrsla Strandblaksnefndar BLÍ.....	16
Skýrsla Afreksnefndar BLÍ.....	21
Skýrsla Fræðslu og útbreiðslunefndar BLÍ.....	23
Skýrsla Dómaranefndar BLÍ.....	24
Ársreikningur BLÍ 2023.....	28
Viðaukar.....	38

Blaksamband Íslands

2023-2024

Stjórn BLÍ

Formaður	Grétar Eggertsson
Varaformaður	Valgeir Bergmann
Gjaldkeri	Auður Ösp Jónsdóttir
Ritari	Sigurður Jón Hreinsson
Meðstjórnandi	Guðrún Kristín Einarsdóttir
Varastjórn	Hjördís Eiríksdóttir Róborg Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri	Katrín Einarsdóttir
Mótastjóri	Rósborg Halldórsdóttir

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Kristján Geir Guðmundsson
Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir
Vilborg Bjarnadóttir

Starfsmaður nefndar

Rósborg Halldórsdóttir, mótastjóri

Afreksnefnd

Hjördís Eiríksdóttir, formaður
Einar Friðgeir Björnsson
Steinn Guðni Einarsson
Grétar Eggertsson

Dómaranefnd

Árni Jón Eggertsson, formaður
Guðný Rut Guðnadóttir
Sigríður Halldóra Pálsdóttir
Jón Ólafur Valdimarsson

Yngriflokkaráð

Guðrún Kristín Einarsdóttir, formaður
Danjál Salber Adlersson (Huginn)
Natalia Ravva (HK)
Ósk Jórunn Árnadóttir (KA)
Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir (Próttur)
Sigurgeir Hallgrímsson (Afturelding)
Signý Þöll Kristinsdóttir (Vestri)
Súsanna Finnbogadóttir (Próttur Rvk)
Þórunn Harðardóttir (Völsungur9

Strandblaknefnd

Valgeir Bergmann, formaður
Sigurður Garðar Barðason
Mótshaldarar stigamóta BLÍ

Aganefnd

Brynjar Júlíus Pétursson
Hreggviður Norðdahl
Þorvaldur Sigurðsson

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Rósborg Halldórsdóttir, formaður
Birkir Freyr Elvarsson
Paula del Olmo
Rósa Dögg Ægisdóttir
Thelma Dögg Grétarsdóttir
Tinna Rut Þórarinsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2023

ár	fjöldi	ár	1. fjöld i	2. ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1983	3. 2426	4. 199	7	2011	2316
1970	237	1984	5. 2362	6. 199	8	2012	2337
1971	479	1985	7. 2362	8. 199	9	2013	2785
1972	649	1986	9. 2775	10. 200	0	2014	2987
1973	855	1987	11. 2955	12. 200	1	2015	3149
1974	1334	1988	13. 2906	14. 200	2	2016	3323
1975	1609	1989	15. 2869	16. 200	3	2017	3193
1976	1974	1990	17. 2718	18. 200	4	2018	3439
1977	2257	1991	19. 2567	20. 200	5	2019	3195
1978	2501	1992	21. 2200	22. 200	6	2020	3317
1979	2567	1993	23. 2074	24. 200	7	2021	3560
1980	2579	1994	25. 1848	26. 200	8	2022	2751
1981	2513	1995	27. 1961	28. 200	9	2023	Skil opin
1982	2519	1996	29. 1592	30. 201	0		
					2013		

Árspaning BLÍ 13. apríl 2024

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/stjórna
Héraðssambandið Hrafnaflóki	HHF	16	1	1
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSH	28	2	1
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	263	5	1
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	88	4	1
Héraðssamband Þingeyinga	HSP	248	6	1
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	10	1	1
Íþróttabandalag Akureyrar	ÍBA	295	4	1
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	ÍBH	144	3	1
Íþróttabandalag Reykjavíkur	ÍBR	355	9	1
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	ÍBV	7	0	1
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	ÍRB	102	1	1
Íþróttabandalag Suðurnesja	ÍS	7	2	1
Ungmenna og Íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	336	6	1
Ungmenna og Íþróttasamband Fjallabyggðar	ÚÍF	107	2	1
Ungmennasamband Borgarfjarðar	UMSB	36	1	1
Ungmennasamband Eyjafjarðar	UMSE	76	2	1
Ungmennasamband Kjalarnespings	UMSK	641	12	1
Ungmennasamband Skagafjarðar	UMSS	22	1	1
Ungmennasambandið Úlfliótur	USÚ	31	1	1
Ungmennasamband V-Húnavetninga	USVH	33	1	1
Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu	USVS	37	0	1
Samtals		2751	67	21

21 af 21 sambandsaðilar með þingfulltrúa
úr 58 félögum víðsvegar um landið
33 virkt félag með lið í Íslandsmóti 2023-2024

Samtals fulltrúar

88

Dagskrá

52. ársþing BLÍ, haldið í sal Stéttarfélags Framsýnar, Húsavík
laugardaginn 13. apríl 2024, kl. 17:00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSí
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
11. Nefndarstörf
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) Þriggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - b) Þriggja í varastjórn til eins árs,
 - c) tveggja skoðunarmanna reikninga
 - d) Þriggja dómara í áfrýjunardómstól BLÍ

Þingslit og kvöldmatur

Skýrsla stjórnar BLÍ 2023-2024

Stjórn og framkvæmdastjórn

Á 51. ársþingi BLÍ voru þau Guðrún Kristín Einarsdóttir og Arnar Már Sigurðsson kosin í stjórn sambandsins til tveggja ára. Fyrir í stjórn voru Grétar Eggertsson, Valgeir Bergmann og Auður Ösp Jónsdóttir. Í varastjórn voru kosin Hjördís Eiríksdóttir, Rósborg Halldórsdóttir og Sigurður Hreinsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Formaður Grétar Eggertsson, varaformaður Valgeir Bergmann, gjaldkeri Auður Ösp Jónsdóttir, ritari Arnar Már Sigurðsson og meðstjórnandi Guðrún Kristín Einarsdóttir. Á starfsárinu þá varð breyting í stjórn þar sem Arnar Már Sigurðsson vék úr stjórn og Sigurður Hreinsson tók við hans stöðu í aðalstjórn sem ritari stjórnar.

Á starfsárinu hafa verið tveir launaðir starfsmenn á skrifstofu BLÍ. Katrín Einarsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfi og Rósborg Halldórsdóttir, mótastjóri í 50% starfi. Auglýst var staða Afreksstjóra í nóvember og var Borja Gonzales Vicente ráðin í þá stöðu í 100% starfshlutfall. Hann mun hefja formlega störf í byrjun maí 2024. Stjórn BLÍ er með fasta stjórnarfundum fyrsta fimmtudag í mánuði en auk fastra funda eru töluverð samskipti á milli aðila.

Íþróttaleg viðskipti og fjármál afreksstarfs

Fjölbreytt hlutverk og verkefni eru í gangi hjá blaksambandinu eins og má lesa í skýrslum nefnda sambandsins. Starfsfólk sambandsins hefur unnið gífurlega gott starf og á miklar þakkir skilið fyrir sína vinnu og sitt framlag. Það er þó alveg ljóst að ef við ætlum að taka skýr og ákveðin skref áfram að þá þarf starfsumhverfið að breytast og styrkja þarf skrifstofuna til muna. Staða afreksstjóra mun breyta miklu í skipulagi og umgjörð í gegnum íþróttaleg viðskipti sambandsins en við verðum að horfa á það sem fyrsta skrefið til bjartari tíma en ekki sem lokaskref. Til að geta tryggt faglegt starf og stuðning við blakíþróttina að þá þarf að auka slagkraft skrifstofunnar og það verður ekki gert nema með auknum styrkjum frá hinu opinbera. Það er í raun óskiljanlegt að styrkir til reksturs skrifstofu sérsambanda hafi haldist nær óbreyttir í um 20 ár og er ríkisstyrkurinn í dag rúmar 3 milljónir sem á að duga fyrir einu stöðugildi líkt og uppleggið var árið 2005 og í ár fáum við 6 milljónir í afreksstyrk sem á að dekkja allt afreksstarf allra landsliðanna okkar.

Blakdeildir landsins eiga mikið hrós skilið í sinni óþreytandi vinnu við að halda úti faglegu blakstarfi um allt land, án þeirra væri íþróttin ekki til staðar. Stjórn blaksambandsins vill þakka öllum sjálfboðaliðum sem koma að starfinu, hvort sem það er í verkefnum fyrir sambandið eða fyrir íþróttina í sínu félagliði, kærlega fyrir ykkar mikilvæga framlag í þágu íþróttarinnar.

Íþróttafólkið okkar, afreksfólkið, eru þeir aðilar sem eru fánaberar blaksambandsins. Afreksfólkið okkar heldur blakinu á lofti og erum við afar stolt af því og það er magnað að fá að fylgjast með því við æfingar og keppni og spila með stolti fyrir Íslands hönd. Það er því sárt og í raun til skammar að blaksambandið þurfi að láta sitt afreksfólk bera upp stóran hluta af þeim kostnaði sem afreksstarfið kostar. Við þátttöku í undankeppni EM 2022 var útlagður kostnaður landsliðsmanns áætlaður um kr. 450.000 og þátttaka í næsta stóra verkefni, Silver league, mun kalla á svipuð útgjöld af hendi afreksfólskins. Þessi kostnaður er þá fyrir utan vinnutap og annan útlagðan kostnað sem myndast vegna æfingar og annars undirbúnings. Það er óásættanlegt og má aldrei vera þannig að okkar besta og efnilegasta fólk þurfi að taka ákvörðun um að spila fyrir Ísland út frá fjárhagslegri getu en ekki á eigin verðleikum í íþróttinni. Það er eitthvað mikið skakkt í afreksstarfi á Íslandi í dag og hefur verið í alltof langan tíma.

Umræðan um breytingar á styrkjum og umhverfi til afreksstarfs hefur verið meira áberandi síðustu mánuði og eftir ráðningu afreksstjóra ÍSÍ að þá vaknaði vonin um að okkar æðstu yfirvöld í íþróttahreyfingunni og í stjórnárum væru raunverulega að stuðla að því að koma auknu fjármagni í hreyfinguna og breyttu verklagi.

Það var komin vindur í seglin en því miður virðist sem vindinn hafi lægt og að leiðin til árangurs og að fá aukið fjármagn og stuðning sé torsóttari en talið var.

Blaksambandið og íþróttahreyfingin í heild hefur verið þolinmód og látið duga sem að þeim hefur verið rétt en ef við viljum vera stolt áfram yfir árangri íslensks íþróttafólks að þá þurfa verulegar breytingar að eiga sér stað og það hratt. Núverandi stuðningur við afreksstarf á Íslandi er því miður langt frá því að mæta þeim kröfum sem við gerum til afreksstarfs. Staðan er einfaldlega þannig að við sem stöndum í brúnni hjá blaksambandinu erum að biðja okkar fólk að taka fjárhagslega áhættu til að koma fram fyrir hönd þjóðarinnar á alþjóðlegum vettvangi. Það er óásættanlegt.

Blaksamband Íslands er ekki stærsta sérsambandið en við erum með metnað og löngun til að byggja upp heilbrigðan og sterkan rekstur sem til lengri tíma skilar okkur betri árangri innan sem utan vallar, sterkari einstaklingum og fjölbreyttara blaksamfélagi. Til að ná fram þeim breytingum að þá þurfum við að auka okkar tekjuhliðar og styrkja fjárhagslega stöðu sambandsins. Það væri ánægjulegt ef styrkhlutfall hins opinbera tæki breytingum en við höfum ekki tíma til að bíða eftir þeirra forsendum. Ábyrgðin liggur hjá stjórn Blaksambands Íslands að tryggja rekstur og uppbyggingu blaks á Ísland og það er ábyrgð sem við tökum alvarlega.

Fjölmiðlar og samskipti

Eins og undanfarin ár að þá er Kjörísbikarkeppni BLÍ eini fasti viðurðurinn þar sem er bein útsending í ríkissjónvarpi. Líkt og árið á undan að þá voru allir leikir úrslitahelgarinnar í beinni útsendingu sjónvarpsins og var viðburðinum gerð góð skil.

Síðustu ár hefur verið streymt frá öllum leikjum í Unbroken deildinni og hægt er að sjá alla leiki beint og einnig hægt að spila þá eftir að leik er lokið. Þetta fyrirkomulag hefur gagnast vel og aukið aðgengi að íþróttinni en það er komin tími á að meta hvernig hægt er að nýta þetta form betur með það fyrir augum að gera íþróttina sýnilegri fyrir hinn almenna íþróttáhugamann. Einnig þarf að skoða með gagnrýnum huga hvort að hægt er að auka gæði útsendinga og þá jafnvel hafa fleiri vélar. Markmiðið hlýtur að vera að taka næstu skref í þeim hluta sem snýr að útsendingum og verður það eitt af verkefnum nýrrar stjórnar að fara í gegnum þá umræðu.

Umfjöllun um deildarkeppni í fjölmiðlum hefur því miður verið nær ósýnileg og til þess að ná í gegn í fjölmiðlum að þá þarf að gera stórfellt átak, átak sem hreyfingin í heild sinni þarf að taka þátt í og bera ábyrgð á. Það er vitað að ef blakhreyfingin kemur sér ekki sjálf á framfæri og fer að bera ábyrgð á eigin umfjöllun að þá munum við ræða þessi mál áfram næstu árin með sömu niðurstöðu og hefur verið hingað til.

Blakfólk ársins

Blakkona ársins var valin Thelma Dögg Grétarsdóttir og blakmaður ársins var valinn Hafsteinn Valdimarsson.

Thelma Dögg spilaði með Hylte Halmstad í sænsku úrvalsdeildinni leiktíðina 2022-2023 og endaði lið hennar með silfurverðlaun eftir mikla baráttu. Thelma Dögg var valin besti leikmaðurinn í þremur af fjórum leikjum í úrslitakeppninni auk þess sem hún var stigahæst í flestum leikjum liðsins. Hún var fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins á Evrópumóti Smáþjóða í Luxemborg s.l. sumar þar sem Ísland vann til gullverðlauna og var Thelma Dögg valin besti leikmaður keppinnar auk þess að vera valin í úrvalslíð mótsins sem besti díó mótsins.

Í sumar varð Thelma Dögg Íslandsmeistari í strandblaki ásamt meðspilara sínum.

Thelma Dögg kom heim og spilar með uppeldisfélagi sínu Aftureldingu á þessari leiktíð og er hún stigahæst í úrvalsdeild kvenna á Íslandi.

Hafsteinn var fyrirliði Íslands í Evrópukeppni Smáþjóða þar sem Ísland endaði í 3. Sæti og var hann valinn í lið mótsins. Hafsteinn varð deildar- og bikarmeistari með liði sínu Hamri og var valinn í lið ársins eftir leiktíðina. Hafsteinn er með bestu blokkurum í Unbrokendeildinni og með bestu sóknarnýtinguna.

Erlend samskipti

Formaður BLÍ og varaformaður tóku þátt í ársþingi CEV sem haldið var Brussel í september 2023. Þá voru ýmsir rafrænir fundir með erlendum aðilum sem bæði formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í en lítið var um ferðalög til útlanda á starfsárinu. Tæknifundur Nevza var síðan haldinn í febrúar og var hann haldinn á Teams. Formaður fór síðan á formannafund NEVZA í mars og var sá fundur haldinn í Svíþjóð.

Framkvæmdastjóri og formaður fóru til fundar við framkvæmdastjóra CEV ásamt formanni færeyska blaksambandsins þar sem rætt var um Evrópumót U16 kvenna lokamót, sem halda átti hér á landi og í Færeyjum í júlí 2025. Tilgangur fundarins var að kynna fjárhagsáætlun keppinnar fyrir framkvæmdastjóra CEV og ræða möguleika á styrkjum við að halda mótið. Það var ákveðið af stjórnnum beggja sérsambanda, Færeyja og Ísland, eftir fund með CEV og nánari skoðun á fjármögnun verkefnis að draga til baka umsóknina og var bréf þess efnis sent í apríl til CEV.

Fjármál

Það var mikil áskorun að koma fjármálum í rétt horf eftir gríðarlega erfitt rekstrarár 2022. Með miklu aðhaldi í rekstri tókst að vinna niður skuldir en ljóst er að rekstur sambandsins er og verður áfram erfiður á meðan ekkert breytist í sjálfu rekstraumhverfinu. Markmið sambandsins er að vinna að áframhaldandi jafnvægi í fjármálum. Velta ársins 2023 var 96.000.000. Nánari upplýsingar eru í ársreikningi 2023.

Framtíðin

Góður árangur náðist í rekstri sambandsins og skuldir vegna undankeppni EM 2022 hafa verið afgreiddar. Samhliða þessu hefur mikil vinna farið í endurskipulagningu á innra starfi skrifstofu sem er okkar trú að skili faglegra starfi í framhaldinu. Eins og áður hefur komið fram að þá er mikil þörf á því að efla skrifstofuna enn frekar. Til samanburðar við okkar nágrannabjórðir (Noregur, Svíþjóð, Danmörk, England og Finnland) að þá er fjöldi starfsfólks á skrifstofu þar frá 12 og til 19 starfsmenn. Við erum með ekki minni umsvif í deildakeppnum, verkefnum tengdum uppbyggingarstarfi eða þátttöku landsliða í verkefnum á vegum CEV og Nevza. Hér er stuðningur frá stjórnvöldum lykilatriði.

Það eru áskoranir framundan, fjárhagslegar áskoranir, sem munu reyna enn og aftur á þórlif og þrautseigju en við leggjum aldrei árar í bát. Með þátttöku í Silver league höfum við markað leið sem á að fylgja næstu árin. Við verðum að taka áhættur til að vaxa og stækka og það er okkar trú við með því að vera þátttakendur í keppnum á alþjóðlegum vettvangi þá sé það ein af leiðunum til þess að auka virðingu og möguleika íþróttarinnar til vaxtar hér á landi.

Krefjandi ár er að baki og framundan eru tækifæri til að efla íþróttina bæði innan vallar og utan og óskum við eftir góðu samstarfi við ykkur öll í blakfjölskyldunni við það verkefni. Stjórn Blaksambands Íslands þakkar styrktar- og stuðningsaðilum fyrir ómetanlegan stuðning og ekki síður öllum þeim sjálfboðaliðum sem störfuðu fyrir Blaksambandið á síðasta ári.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2023-2024 voru það Kristján Geir Guðmundsson, Vilborg Bjarnadóttir og Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir sem skipuðu mótanefnd. Rósborg Halldórsdóttir vannur sem mótastjóri BLÍ í samstarfi við mótanefnd.

LOK TÍMABILSINS 2022-2023

Úrslitakeppni úrvalsdeilda lauk með sigri KA bæði í karla- og kvennaflokki. Karlarnir unnu Hamar í úrslitaeinvíginu 3-1 og stöðvuðu sigurgöngu Hamars síðan 2021. Kvennalið KA vann 3-2 í sínu úrslitaeinvígi þar sem liðið mætti Aftureldingu í æsispennandi rimmu.

Lið ársins í úrvalsdeildum var krýnt í byrjun júní á fyrsta stigamóti í Strandblaki:

Úrvalslíð kvenna:

Kantar: Nikkia J. Benitez og Helena Kristín

Gunnarsdóttir

Miðjur: Shelby M. Pullins og Valdís Unnur

Einarsdóttir

Uppspilari: Jóna Margrét Arnarsdóttir

Díó: Michelle Traini

Frelsingi: Valdís Kapitola Þorvarðardóttir

Þjálfari: Bryan Silva

Besti leikmaður kvenna: Helena Kristín

Gunnarsdóttir

Stigahæst í sókn: Michelle Traini

Stigahæst í hávörn: Valdís Unnur Einarsdóttir

Stigahæst í uppgjöf: Jóna Margrét Arnarsdóttir

Sigahæst alls: Michelle Traini

Efnilegasti leikmaður kvenna: Kristey Marín

Hallsdóttir

Úrvalslíð karla:

Kantar: Dorian Poinc og

Franco Nikolás Molina

Miðjur: Gísli Marteinn Baldvinsson og Hafsteinn

Valdimarsson

Uppspilari: Zdravko Kamenov

Díó: Miguel Mateo Castrillo

Frelsingi: Ragnar Ingi Axelsson

Þjálfari: Juan Manuel Escalona

Besti leikmaður karla: Miguel Mateo Castrillo

Sigahæstur í sókn: Miguel Mateo Castrillo

Stigahæstur í hávörn: Gísli Marteinn Baldvinsson

Sigahæstur í uppgjöf: Franco Nikolás Molina

Sigahæstur alls: Miguel Mateo Castrillo

Efnilegasti leikmaður karla: Sverrir Bjarki Svavarsson

Úrslitakeppni 1. deilda

Úrslitakeppnin í 1. deild var haldin á Álftanesi 14.-16. París 2023 og var hún tvískipt. B lið (Afturelding B, HK B og Álftanes B) spiluðu í sér flokki og spilaði Þróttur Reykjavík sem 4. liðið þar (liðið sem endaði í 7. sæti í úrvalsdeild kvenna). Álftanes B sigraði þá keppni.

1. deildar liðin fjögur (Fylkir, HK Ungar, Ýmir og Huginn) spiluðu svo undanúrslit og úrslit sín á milli og sigruðu Ýmiskonur þá keppni.

Yngri flokka mót voru haldin í maí 2023, U12 og U14 flokkar kvenna í Neskaupstað 13. og 14. maí og U14 piltar og U16 flokkar á Ísafirði 20. og 21. maí. Þar voru Íslandsmeistarar krýndir í eftirfarandi flokkum:

Flokkur	Íslandsmeistarar
U12 piltar	UMFG
U12 stúlkur	Þróttur Nes Melóna
U12 blandað	Þróttur Nes Mangó
U14 piltar	HK
U14 stúlkur	KA A
U16 piltar	KA/Völsungur
U16 stúlkur	Þróttur Nes

Úrslitahelgi U20 var haldin á Húsavík 3. og 4. júní en þar sigruðu Völsungspiltar.

KEPPNISTÍMABILIÐ 2023-2024

Samtals tóku 107 lið þátt í Íslandsmóti fullorðinna og 77 í Íslandsmótum yngri flokka. Þetta er fjölgun um 12% milli ára. Iðkendur sem greiddu iðkendagjald voru 1774 (þar af 439 yngri en 18 ára). Þar eru ekki með taldir þeir sem aðeins keppa á Öldungamóti.

Aga- og úrskurðarnefnd tók á þremur málum þetta tímabil.

ÚRVALSDEILDIR

Skráð voru til leiks 8 karlalið og 7 kvennalið í úrvalsdeildir. Völsungur skráði í fyrsta sinn karlalið til leiks í úrvalsdeild.

Úrvalsdeild karla og kvenna fengu nýtt nafn og spila nú undir merkjum **Unbrokendeilda** en Unbroken kom inn sem nýr styrktaraðili í haust og hefur lyft keppninni upp á hærra plan.

Keppnistímabilið hófst með leikjum í **meistarakeppni BLÍ** þar sem Íslandsmeistarar og bikarmeistara frá liðnu tímabili mættust í árlegum leik. Hamar vann lið KA í karlaflokki og KA vann lið HK (lentu í öðru sæti í biakr) í kvennaflokki en báðir leikir fóru fram í KA heimilinu á Akureyri.

Ekki var boðið upp á **haustmót** þar sem engir mótshaldarar sóttu um að halda mótið.

Spilað var eftir sama fyrirkomulagi og í fyrra þar sem spiluð var tvöföld umferð og svo var deildinni skipt í efri (4 eða 3 lið) og neðri (4 lið) riðil og spiluð tvöföld umferð. Efri riðillinn keppti um deildarmeistaratitilinn og héldu áfram að safna stigum úr fyrstu tveimur umferðunum. Neðri 4 liðin kepptust um sæti í úrslitakeppninni. Öll liðin komust áfram í úrslitakeppnina og í fyrstu umferð kvennamegin situr efsta liðið hjá. Í 8 liða úrslitum og undanúrslitum þarf að vinna 2 leiki til að komast í úrslit en þar þarf að vinna 3 leiki til þess að vinna Íslandsmeistaratitilinn.

Deildarkeppni hófst strax 15. september og klárast í síðasta lagi 7. maí. Þegar þessi skýrsla er skrifuð hefur deildarkeppni klárast. Hamar eru deildarmeistarar karla KA eru deildarmeistarar kvenna.

Ekki þurfti að fresta mörgum leikjum vegna veðurs þetta tímabil.

Unbrokendeild karla 2023-2024:

Efri kross karla (1.-4. sæti)			
	stig eftir deildarkeppni	stig í krossumferð	stig samtals
Hamar	40	15	55
Afturelding	36	10	46
Vestri	25	4	29
Þróttur Fjarðabyggð	21	7	28
Neðri kross karla (5.-8. sæti)			
KA	21	14	35
HK	16	9	25
Völsungur	9	8	17
Stál-Úlfur	0	5	5

Unbrokendeild kvenna 2023-2024:

Efri kross kvenna (1.-3. sæti)			
	stig eftir deildarkeppni	stig í krossumferð	stig samtals
Afturelding	31	10	41
KA	31	8	39
HK	23	0	23
Neðri kross kvenna (4.-7. sæti)			
Völsungur	22	13	35
Álftanes	10	5	15
Þróttur Fjarðabyggð	4	11	15
Þróttur Reykjavík	5	7	12

Lið ársins í Unbrokendeildum var kosið eftirfarandi:

Úrvalslíð kvenna:

Kantar: Julia Bonet Carreras og Helena Kristín Gunnarsdóttir
 Miðjur: Danielle Forester og Valdís Unnur Einarsdóttir
 Uppspilari: Daníela Grétarsdóttir
 Díó: Thelma Dögg Grétarsdóttir
 Frelsingi: Rut Ragnarsdóttir
 Þjálfari: Miguel Mateo Castrillo
 Besti íslenski leikmaðurinn: Thelma Dögg Grétarsdóttir
 Besti erlendi leikmaðurinn: Julia Bonet Carreras
 Efnilegasti leikmaður kvenna: Auður Pétursdóttir

Úrvalslíð karla:

Kantar: Roman Plankin og Tomek Leik
 Miðjur: Gísli Marteinn Baldvinsson og Hafsteinn Valdimarsson
 Uppspilari: Damian Sapor
 Díó: Raul Garcia Asensio
 Frelsingi: Austris Bukovskis
 Þjálfari: Borja González Vicente
 Besti íslenski leikmaðurinn: Hafsteinn Már Sigurðsson
 Besti erlendi leikmaðurinn: Tomek Leik
 Efnilegasti leikmaður karla: Tómas Davison

Kjörísbikarkeppnin fór fram dagana 15.-17. Febrúar í

Digranesi. Skráð voru 9 lið í karlaflokki (úrvalsdeilarlið auk Blakfélags Hafnarfjarðar). Þar sem reglugerð segir til um að úrvalsdeildarliðin fari beint inn í 8 lið úrslit þá ákvað stjórn að liðið sem var neðst eftir frystu umferð í Unbrokendeild myndi mæta utandeildarliðinu. Í kvennaflokki voru 13 lið skráð (úrvalsdeildar lið auk UMFG, Blakfélagi Hfj., Hamar, Afturelding Jr., Þróttur R. B og Ýmir). Utandeildarliðin 6 spiluðu 1 umferð og sigurliðin þrjú ásamt neðsta liðinu í Unbrokendeild spiluðu um síðustu tvö plássin í 8 liða úrslitum.



Undanúrslit og úrslit voru spiluð í Digranesi. Undanúrslit kvenna voru á fimmtudagskvöldi og undanúrslit karla á föstudagskvöldi. Úrslitin voru svo spiluð á laugardegi. Sýnt var frá öllum leikjum í beinni útsendingu á RÚV. Karlalið Hamars og kvennalið Aftureldingar fóru með sigur að hólmi og eru Kjörísbikarmeistarar 2024. Þetta var fjórði bikartitill Hamars á fjórum árum.

Úrslit í Kjörísbikar karla 2024:

1. umferð

Blakfélag Hfj. Drekar  2 - 3  Stál-Úlfur

8 liða úrslit

Afturelding  1 - 3  Próttur Fjarðabyggð


Vestri  0 - 3  Hamar

HK  1 - 3  KA



Stál-Úlfur  3 - 0  Völsungur/Efling

Undanúrslit karla

KA  2 - 3  Hamar



Próttur Fjarðabyggð  3 - 2  Stál-Úlfur

Úrslit karla

Hamar  3 - 0  Próttur Fjarðabyggð



Úrslit í Kjörísbikar kvenna 2024:

1. umferð (des/jan)

UMFG Bikar  2 - 3  Afturelding Jr. Bikar



Próttur R. B (bikar)  0 - 3  Blakfélag Hfj. Bikar

HK Ýmir (bikar)  0 - 3  Hamar Bikar

Afturelding Jr. Bikar  0 - 3  Blakfélag Hfj. Bikar

Hamar Bikar  1 - 3  Próttur Reykjavík

Undanúrslit kvenna



HK  0 - 3  KA

Blakfélag Hfj. Bikar  0 - 3  Afturelding

8 liða úrslit



Próttur Fjarðabyggð  1 - 3  HK

Völsungur  0 - 3  KA

Próttur Reykjavík  0 - 3  Afturelding

Blakfélag Hfj. Bikar  3 - 2  Álftanes

Úrslit kvenna

KA  0 - 3  Afturelding

MVP: Damian Sapor

MVP: Thelma Dögg Grétarsdóttir

1. DEILDIR

6 lið voru skráð í 1. deild kvenna (þar af 2 B lið) og 6 lið í U20 deild kvenna. Í karlaflokki voru 4 lið skráð í 1. Deild (þar af 3 B lið) og 5 lið í U20 deild karla.

Í báðum flokkum voru deildirnar sameinaðar í deildarkeppninni og skipt eftir landshlutum.

Í Suðvesturdeild (SV) kvenna voru 9 lið og í Norðausturdeild (NA) voru 3 lið. Í SV deild kk voru 6 lið og í NA deild 3 lið.

Spilað var að heima og heiman í hvorum landshluta (fjórðöld umferð í NA deildum) og svo var spiluð einföld umferð á helgarmótum þar sem öll lið komu saman.

Krýndir voru deildarmeistarar í hverri deild þar sem lögð voru saman stig bæði úr deildarleikjum og af helgarmótum.

- SV deild kvenna: Blakfélag Hfj.
- NA deild kvenna: Próttur Nes U20
- SV deild karla: HK B
- NA deild karla: Próttur Nes U20

Úrslit í öllum deildum voru svo spiluð helgina 23. – 25. mars.

- U20 lið kk spiluðu á heimavelli þess U20 liðs með flest stig (í Neskaupstað). Þar báru Völsungar sigur úr bítum.

Allar aðrar deildir spiluðu í Digranesi.

- Þróttur Nes urðu Íslandsmeistarar í U20 deild eftir háspennuleik.
- Í 1. Deild kvenna spiluðu liðin 4 sem ekki voru B lið sín á milli og sigraði Blakfélag Hafnarfjarðar örugglega.
- B liðin í kvennaflokki tvö spiluðu úrslitaleik sín á milli og vann Afturelding B þann leik.
- Í 1. Deild karla spiluðu B liðin í bland við 1. Deildarlið og sigruðu Fylkismenn þá keppni.

NEÐRI DEILDIR

Skránig barst frá 82 liðum í neðri deildir þar sem spilað var í 5 kvennadeildum og 2 karladeildum. Spiluð var einföld umferð á tveimur helgarmótum (nóvember og janúar) og svo var hverri deild skipt í efri og neðri úrslit og spilað var til úrslita á þriðja helgarmótinu í mars. Í 6. deild kvenna voru 9 lið skráð og því spiluð tvöföld umferð yfir 2 helgar.

Deild	1. sæti	2. sæti	3. sæti
2. kvk	KA Skautar	Sindri	Þróttur R E
3. kvk	Blakfélag Hfj. B	KA Freyjur	Þróttur N. C
4. kvk	UMFG	Esja	Afturelding DNA
5. kvk	Blakfélag Hfj. C	KA Skutlur/Eik	Þróttur Nes U
6. kvk	UMF Hrunamenn L2	Blakfélag Hfj. D	Leiknir F. B
2. kk	Blakfélag Hfj. Nýir	Vestri C	Álftanes C
3. kk	Þróttur Nes U	Rimar	HK C

3 lið fara iðulega upp og niður um deildir en ekki er skylda að lið í 2. deild fari upp í 1. deild. Hægt er að skoða úrslit leikja og stöðutöflur deilda inn á heimasíðu BLÍ. Lokadeildarniðurröðun fyrir næsta tímabil er ávalt gefin út eftir að skráningu lýkur fyrir næsta tímabil.

YNGRI FLOKKAR

Á Íslandsmóti að hausti og Bikarmóti hafa 66 mismunandi lið tekið þátt í yngri flokka mótum og 11 lið í U20 deildum (fjallað um hér að ofan)

Keppt var í flokkum U12, U14 og U16 á **Íslandsmótinu** að hausti sem haldið var að Varmá. Seinni hluta Íslandsmótsins lýkur í apríl fyrir U16 flokka á Húsavík og í maí mánuði fyrir U12 og U14 flokka í Neskaupstað en þá verða krýndir Íslandsmeistarar í ofangreindum keppnisflokkum.

Bikarmót yngri flokka fór fram á Akureyri 26.-28. janúar en þar tóku 46 lið þátt. Allir úrslitaleikir voru spilaðir á Akureyri þessa helgi.

Flokkur	Bikarmeistarar 2024
U14 piltar	Þróttur Nes
U14 stúlkur	KA
U16 piltar	Þróttur Nes
U16 stúlkur	KA
U20 piltar	Þróttur Nes
U20 stúlkur	HK

Yngri flokka ráðið var tekið í gegn og var sú nefnd höfð með í öllum ákvörðunum varðandi mótahald yngri flokka. Mótin voru sett upp í samstarfi við Vettvang Íþróttta.

Skýrsla rituð af Rósborgu Halldórsdóttur, mótastjóra BLÍ

Mótanefnd BLÍ

Kristján Geir Guðmundsson

Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Vilborg Bjarnadóttir

Skýrsla frá Strandblaksnefnd BLÍ

Inngangur

Í strandblaksnefnd BLÍ sumarið 2023 voru þeir Valgeir Bergmann og Sigurður Garðar Barðason, þ.e. sömu aðilar og sumarið áður, ásamt fulltrúum mótshaldara sumarsins. Lítið var um formlega fundi á tímabilinu en samskipti og undirbúningur móta fór að mestu fram í spjallhópnum „Strandblaksmót BLÍ 2023 mótstjórar“ á facebook.

Mótahald

Í lok mars var auglýst eftir mótshöldurum fyrir fimm stigamót auk Íslandsmóts. Tvö stigamót voru haldin í júní, þrjú í júlí og Íslandsmótið fór fram í ágúst.

Í heildina kepptu 265 lið á öllum mótum sumarsins, sem var fjölgun um 9 lið frá árinu á undan. Mest var þátttakan á Íslandsmótinu þar sem 61 lið keppti.

Hér að neðan má sjá fjölda þátttakenda og þáttökugjöld á mótum sumarsins 2023, samanborið við fjölda þátttakenda á mótum sumarsins 2022.

	Samtals	265	265	2.310.500	2.310.500	254	
Stigamót	Flokkur	Fjöldi liða	Greitt	Gjald	Áætlun	Greitt Fj. 2022	
1 - Próttur	Konur	24	24	8.900	213.600	213.600	33
1 - Próttur	Karlar	14	14	8.900	124.600	124.600	20
1 - Próttur	Unglingar	5	5	6.500	32.500	32.500	5
2 - HK	Konur	22	22	8.900	195.800	195.800	26
2 - HK	Karlar	16	16	8.900	142.400	142.400	7
2 - HK	Unglingar	4	4	6.500	26.000	26.000	2
3 - Höfrungur	Konur	23	23	8.900	204.700	204.700	25
3 - Höfrungur	Karlar	19	19	8.900	169.100	169.100	19
3 - Höfrungur	Unglingar	1	1	6.500	6.500	6.500	1
4 - Fylkir	Konur	21	21	8.900	186.900	186.900	26
4 - Fylkir	Karlar	15	15	8.900	133.500	133.500	9
4 - Fylkir	Unglingar	2	2	6.500	13.000	13.000	1
5 - HK	Konur	21	21	8.900	186.900	186.900	18
5 - HK	Karlar	16	16	8.900	142.400	142.400	14
5 - HK	Unglingar	1	1	6.500	6.500	6.500	3
ÍSL - KA	Konur	34	34	8.900	302.600	302.600	30
ÍSL - KA	Karlar	20	20	8.900	178.000	178.000	15
ÍSL - KA	Unglingar	7	7	6.500	45.500	45.500	0

Strandblaksmótaröðin fékk engan styrktaraðila þetta árið. Nokkur mót fengu þó styrki frá einkaaðilum fyrir verðlaunum sem mótstjórar sáu um að afla.

Strandblak var aftur á dagskrá á Reykjavíkurlaikunum (RIG) sem haldnir voru í lok janúar 2023. Eins og árið á undan fór mótið fram í Sandkastalanum og spilað var eftir fyrirkomulaginu Kóngur / Drottning vallarins. Engin útsending var á RÚV eins og árið áður en þess í stað var beint streymi á facebook-síðum BLÍ og Sandkastalans. Alls voru 12 karlalið og 6 kvennalið skráð til leiks.

Kóngar vallarins voru Oscar Fernandez Celis og Zdrakvo Kamenov Jivkov. Drottningar vallarins voru Linda Persson og Charlotta Björk Steinþórsdóttir.

Ákveðið var af stjórn BLÍ að taka ekki þátt í RIG 2024 þar sem ekki stóð til að sýna frá strandblaki í sjónvarpi.

Stigameistarar 2023

Í karlaflokki varð Hermann Hlynsson stigahæstur með 495 stig.

Í kvennaflokki varð Daníela Grétarsdóttir stigahæst með 445 stig.

Yfirlit yfir heildarstig 20 stigahæstu keppenda í kvenna- og karlaflokki árið 2023 má sjá hér að neðan.

Nafn	Stig
Hermann Hlynsson	495
Bjarki Benediktsson	405
Atli Fannar Pétursson	356
Hafsteinn Már Sigurðsson	356
Austris Bukovskis	350
Mateusz Jozef Blic	350
Valgeir Valgeirsson	330
Ólafur Arason	330
Halldór Kári Sigurðarson	300
Eiríkur Ragnar Eiríksson	253
Gunnar Gunnarsson	249
Sindri Snær Sigurðarson	244
Kristinn Freyr Ómarsson	237
Jakob Kristjánsson	235
Egill Júlíusson	214
Hannes Finnbogason	196
Einar Leó Erlendsson	190
David Gunnar Karnaa	183
Axel Ágúst Birgisson	174
Lárus Lúðvíksson	169

Nafn	Stig
Daníela Grétarsdóttir	445
Arna Sólrún Heimisdóttir	435
Sara Ósk Stefánsdóttir	435
Margrét Maren Guðmundsdóttir	365
Ásgerður Þórunn Hannesdóttir	352
Thelma Dögg Grétarsdóttir	350
Ragnheiður Eiríksdóttir	341
Dýrleif Hanna Sigmundsdóttir	316
Birna Ágústa Sævarsdóttir	298
Alda Björg Karlsdóttir	284
Katla Logadóttir	270
Hjördís Eiríksdóttir	250
Sigríður Eva Arngrímsdóttir	246
Laufey Björk Sigmundsdóttir	246
Pórey Björg Einarsdóttir	233
Lilja Minný Sigurbjörnsdóttir	229
Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir	219
Rasa Ratkuté	214
Anna Lísa Finnbogadóttir	201
Helena Kristjánsdóttir	195

Íslandsmeistarar 2023

Í karlaflokki urðu þeir Austris/Mateusz Íslandsmeistarar en þeir unnu Hermann/Bjarki í úrslitaleik. Í þriðja sætið voru Atli/Hafsteinn.



Í kvennaflokki urðu Hjördís/Thelma Íslandsmeistarar þær unnu Daniela/Margrét í úrslitaleik.



Í unglingsflokki var spilað í blönduðum flokki þ.e.a.s bæði kyn léku saman. Íslandsmeistarar Anika/Ísold en þær unnu Hákon/Jón í úrslitum og í þriðja sæti urðu Kara/Katla.



2.deild karla

1. Gunnar / Andreas
2. Hreinn/ Sigurður
3. Kristófer/ Stefán



2.deild kvenna

1. Ásgerður / Sveinbjörg
2. Þórdís / Lilja
3. Anna / Íris



3.deild kvenna

- 1 Telma/Birna
- 2 Rakel/Hulda
- 3 Sveinbjörg/Hafdís



4.deild kvenna

- 1 Auður/Lilja
- 2 Halla/Hildur
- 3 Þórunn/Þórunn



(myndir: facebook síðu Standblak/Beach Volley)

Fjárhagur

Tekjur 2023 vegna skráningargjalda námu alls 2.310.500 kr. og voru greiddar út 1.963.925 kr. til mótshaldara sem er 85% af mótsgjaldi en afgangurinn fer til BLÍ.

Félag	Kennitala	Reikningsnúmer	Upphæð
Þróttur	290573-3519	344-26-5176	296.560
Höfrungur	481281-0329	154-26-29	304.240
Fylkir	611094-2649	515-14-411495	266.720
HK	630981-0269	536-26-6858	560.000
KA	670890-2289	162-26-102289	287.380

Keyptir voru 10 nýir strandblaksboltar fyrir sumarið.

Tvö íslensk strandblakspör sem kepptu á erlendri grundu síðasta sumar fengu styrk úr strandblakssjóði til kaupa á landsliðstreyjum. Það voru annars vegar Atli Fannar Pétursson og Hafsteinn Már Sigurðsson og hins vegar Kristinn Freyr Ómarsson og Janis Novikovs.

Staðan á reikningi strandblaksnefndar um áramótin var um 640 þúsund kr.

Tillögur til úrbóta

Strandblaksnefnd telur ástæðu til þess að taka skipulagningu móta og utanumhald stigakerfis til endurskoðunar þar sem of mikil vinna sjálfboðaliða fer í að uppfæra stig og raða upp leikjum.

Skoða mætti hvort ástæða sé til að skipa mótanefnd sem stillir upp mótum og fær greitt fyrir þá vinnu líkt og í inniblaki.

Einnig mætti skoða hvort e.t.v. séu til kerfi á netinu sem geta haldið utan um stigastöðu með einföldum hætti, t.d. Playinga eða Grid, en einnig mætti skoða áframhaldandi þróun í Google Sheets.

Sigurður Garðar gefur ekki áfram kost á sér í stjórn strandblaksnefndar en hann hefur starfað í stjórn síðan 2017 og er honum þakkað kærlega fyrir sín störf.

Nauðsynlegt er að fá fleiri aðila og nýtt blóð að stjórn strandblaknefndar og skorum við á áhugasama að hafa samband við Valgeir Bergmann eða BLÍ.

Lokaorð

Strandblaksnefndin vill þakka öllum þátttakendum, mótshöldurum og sjálfboðaliðum fyrir strandblakssumarið 2023. Undirbúningur fyrir sumarið 2024 er í fullum gangi. Fengist hefur styrktaraðili fyrir mótahald sumarsins og mun mótariðin heita Bondi Sand Strandblaksmótið 2024.

Sigurður Garðar gefur ekki áfram kost á sér í stjórn strandblaksnefndar en hann hefur starfað í stjórn síðan 2017 og er honum þakkað kærlega fyrir sín störf.

Fyrir hönd strandblaksnefndar BLÍ,

Valgeir Bergmann formaður stjórnar og Sigurður Garðar Barðason, meðstjórnandi.

Mynd. Búnaður í eigu strandblaksnefndar BLÍ er í geymslu á skrifstofu BLÍ. Bolti nr. 1 og 4 skiluðu sér ekki til baka frá Íslandsmótinu.



Skýrsla Afreksnefndar BLÍ

Skýrsla afreksnefndar vegna ársins 2023

Á árinu voru lið send til keppni frá U17 til A-liða. Snemma árs var tekin ákvörðun um að geyma það að senda A-liðin í Silver League vegna mikils kosnaðar. Ákvörðunin var tekin í sameiningu með leikmönnum A-liðina.

Áfram er vilji hjá stjórn til að halda áfram uppbyggingu afreksstarfsins og gera það faglegra og markvissara en hingað til, enda fór vinna af stað undir lok árs í að ráða afreksstjóra fyrir sambandið. Það þarf að standa þétt við bakið á landsliðsfólkinu okkar og halda áfram að efla eins og hægt er alla umgjörð, sérstaklega heilbrigðisteymið eins og aðgengi að heilbrigðisþjónustu bæði fyrir líkamlega og sálræna heilsu.

Afreksnefnd skipa Hjördís Eiríksdóttir formaður, Einar Friðgeir Björnsson, Steinn Einarsson og Grétar Eggertsson. Arnar Már Sigurðsson var í hópnum fyrri part árs en sagði sig frá störfum og Steinn Einarsson tók þá við.

A landslið kvenna

Tók þátt í Evrópumóti Smáþjóða sem haldið var í Lúxemborg dagana 26.-28. maí. Þátttökuþjóðir voru: Ísland, Norður-Írland, Luxemborg, Malta, Skotland og Írland. Ísland lék í riðli með Norður-Írlandi og Skotlandi.

Ísland vann til gullverðlauna og áttum við þrjá leikmenn í úrvalsliði mótsins. Fjórir leikmenn stigu sín fyrstu skref með A-landsliðinu á mótinu.

Þjálfarar voru Borja Gonzalez Vicente og Egill Þorri Arnarson.

A landslið karla

Tók þátt í Evrópumóti Smáþjóða sem haldið var í Edinborg dagana 16.-18.júní. Þátttökuþjóðir voru: Ísland, Írland, San Marino, Skotland, Norður-Írland og Lúxemborg. Ísland lék í riðli með Írlandi og San Marino.

Ísland vann til bronsverðlauna og áttum við einn leikmann í úrvalsliði mótsins. Fimm leikmenn stigu sín fyrstu skref með A-landsliðinu á mótinu.

Þjálfarar voru Magnús Helgi Aðalsteinsson og Tamás Kaposi.

U17 og U19 landsliðin

Eins og síðustu ár þá sendum við lið til keppni í NEVZA en þetta er helsta verkefni þessara liða ár hvert.

U17 mótið fór fram í IKAST í Danmörku dagana 16.-18. október þar sem við sendum til leiks bæði kk og kvk lið. Alls tóku 6 þjóðir þátt í mótinu og bæði lið Íslands unnu Færeyjar í baráttu um 5. sætið. Þjálfarar karlaliðsins voru Oscar Fernandez Celis og Bjarki Benediktsson. Þjálfarar kvennaliðsins voru Bryan Silva og Thelma Dögg Grétarsdóttir.

U19 móti fór fram í Rovaniemi í Finnlandi dagana 27.-29. október þar sem við sendum til leiks bæði kk og kvk lið. Stelpurnar enduðu í 5. sæti af 7 liðum og strákarinnir enduðu í 7. sæti af 7 liðum. Þjálfarar karlaliðsins voru Borja Gonzales Vicente og Máni Matthíasson. Þjálfarar kvennaliðsins voru Miguel Mateo Castrillo og Atli Fannar Pétursson.

Við viljum þakka öllum þeim fjölmörgu þjálfurum, öðru starfsfólki, stjórnarfólki og sjálfboðaliðum sem komu að öllum þessum verkefnum með okkur. Ekkert af þessu getur átt sér stað nema með mikilli og óeigingjarni vinnu sjálfboðaliða.

Áherslur á næstunni

Seinni part árs var ákveðið að senda A-landsliðin okkar í Silver League mótariðina árið 2024 og þar með hófst leit að landsliðsþjálfurum fyrir verkefnið.

Undir lok árs var einnig ákveðið að ráða til starfa afreksstjóra svo verkefni ársins verður að móta starf og hlutverk afreksstjóra sem gefur okkur tækifæri til að móta stefnu fyrir skilvirkara afreksstarfi til lengri tíma. Stóra verkefni framtíðarinnar er svo að ná niður kostnaði landsliðsfólks en það er erfitt að þurfa að biðja leikmenn landsliðana að borga fleiri hundur þúsund krónur til að taka þátt í landsliðsverkefni ár eftir ár. Til að halda afreksstarfi uppi þurfum við að ná þessum kostnaði niður.

Fyrir hönd afreksnefndar,
Hjördís Eiríksdóttir

Skýrsla fræðslu- og útbreiðslunefndar BLÍ

Fræðslu- og útbreiðslunefnd var virk 2022-2023 og sá mótastjóri um að framkvæma helstu verkefni nefndarinnar. Frá haustinu 2023 hefur mótastjóri ekki getað tekið þátt í nefndinni vegna annarra verkefna sem tengjast mótamálum og því hafa menntunarmál setuð á hakanum þetta tímabilið og púðrið farið í að ráða nýjan afreksstjóra. Nú þegar afreksstjóri hefur verið ráðin þá mun hann taka frumkvæði í flestum verkefnum sem tengjast fræðslu- og útbreiðslu.

Þjálfaranámskeið

Ekki náðist að halda nein þjálfaranámskeið frá haustinu 2022 þar sem ekki fannst kennari í verkefnið.

Þjálfararáðstefna

4 þjálfarar frá sambandinu fóru á þjálfararáðstefnu á vegum CEV í Skopje í Norður-Makedóníu. Boð á ráðstefnuna kemur í gegnum Skólablaksverkefni CEV. Fyrir hönd Íslands fóru Jón Karlsson, Gréta Sigurðarsdóttir, Atli Fannar Pétursson, Sigurður Kári Harðarson.

Dómaranámskeið

Boðið var upp á dómaranámskeið bæði í Reykjavík og á norðurlandi en því miður náðist ekki næg skráning á hvorugan viðburðinn.

We Lead Volleyball Together

Erasmus verkefnið *We Lead Volleyball Together* var samþykkt og var fyrsti fundur verkefnisins haldinn í Hollandi í mars. Þangað mættu Rósborg Halldórsdóttir mótastjóri og Borja González Vicente nýráðinn afreksstjóri og tóku þátt í að móta námsefni sem verður kennt á næsta tímabili.

Á meðan verkefninu stendur munu ungir blakiðkendur fá tækifæri til að vera meira heldur en bara leikmenn og boðið verður uppá fræðslu sem tengist leiðtogahæfni, ákvörðunartöku og skipulagsstarfi í kringum íþróttir, hvort sem þar er sem þjálfari, dómari eða stjórnandi. Verkefnið er unnið í samstarfi við blaksambönd Danmerkur, Noregs og Hollands.

Skólablak

Þetta er þriðja árið sem BLÍ í samstarfi við CEV, UMFÍ og ÍSÍ kynnir Skólablaks verkefnið. Tekin var ný stefna þetta árið þar sem ekki er nóg af starfsfólki hjá sambandinu til að ferðast um landið og halda viðburði og til þess að verkefnið sé sjálfbært þurfa íþróttakennarar að spila enn stærra hlutverk í að kynna íþróttina.

Blaksambandið fór því í samstarf með Valal Vidal Bouza og Borja González Vicente til að semja kennsluefni sem hægt væri að kynna fyrir og gefa skólum að lokinni kynningu til eignar. Úr því varð til frábært kennslubók sem fer yfir grunnatriðin í blakkennslu ásamt því að innihalda 4. kennslutíma kennsluáætlanir fyrir 5 mismunandi getustig í grunnskólum. Þannig getur hver íþróttakennari fylgt settu plani og þarf ekki að vera með mikla reynslu í íþróttinni til að undirbúa og kynna íþróttina vel í skólum.

Guðrún Kristín Einarsdóttir, stjórnarmaður BLÍ og Thelma Dögg Grétarsdóttir, nemi á skrifstofunni voru með kynningar bæði í Reykjavík og á Akureyri í byrjun janúar til að kynna kennslubókina og dreifa til skóla. Þær fóru einnig í heimsókn í nokkra skóla til að kynna verkefnið betur.

Þann 22. Maí verður svo haldið stór skólamót í Kórnum þar sem öllum skólum á höfuðborgarsvæðinu er boðið til að koma og spila og kynnast landsliðsfólkinu okkar.

Það er klárt mál að það þarf að setja meiri kraft í þetta verkefni og mun afreksstjóri stýra því frá skrifstofunni í sambandi við félag og íþróttakennara á hverju svæði fyrir sig.

Skýrsla rituð af Rósborgu Halldórsdóttur, mótastjóra.

Skýrsla Dómaranefndar BLÍ

Eftir síðasta keppnistímabil urðu breytingar á dómaranefndinni þar sem Jason Ívarsson og Sævar Már Guðmundsson létu af störfum og er þeirra framlag þakkað. Í þeirra stað komu inn Ólafur Jóhann Júlíusson og Guðný Rut, en áfram störfuðu Árni Jón Eggertsson, Jón Ólafur Valdimarsson og Sigríður Pálsdóttir. Formaður var skipaður Árni Jón Eggertsson. Nefndin hefur fundað með reglulegu millibili.

Í upphafi starfsárs var haldinn fundur með dómurum og línur lagðar fyrir veturinn.

Reynt var að halda dómaranámskeið í upphafi tímabils en enginn var áhuginn og því voru engin dómaranámskeið haldin.

Ljóst var við uppstillingu móts að mikið álag yrði á starfandi dómurum, en flestir sem dæmdu á fyrra keppnistímabili héldu áfram. BLÍ setti fram leikjaplan, sem yrði e.t.v. erfitt að manna á öllum stöðum þar sem fastir leikdagar voru miðvikudagar og laugardagar fyrir úrvalsdeildir og sunnudagar fyrir 1 deild. Ákveðið var í

samráði við mótastjóra að reyna hliðra til tímasetningum einstakra leikja svo það væru tiltækir dómara, og á það sérstaklega við 1 deildar leiki, þar sem reynslan varð sú að dómara voru iðulega að dæma tvo leiki á dag, sem er ekki kjöraðstaða.

Nokkur agabrot lentu á borði aganefndar BLÍ og ber sérstaklega að nefna agabrot í leik KA og Þróttar F í úrvalsdeild karla, þar sem dómari var sakaður um að hagræða úrslitum, sem olli því að einn dómari hefur ekki dæmt fleiri leiki frá því í byrjun október, sem jók meira á vandann. Dómaranefnd hefur áhyggjur af því hversu lengi það tekur að afgreiða mál úr aganefnd sem og ef máli er áfrýjað, hversu langan tíma það tekur að leysa úr slíkum málum og skorar dómaranefndin á BLÍ að setja upp verklag sem tryggir að komi til refsingar þá sé það sem næst þeim tíma sem brotið á sér stað, þannig að leikmenn taki út refsingar innan eðlilegra marka.

Eins og áður hefur verið nefnt þá eru of fáir aðilar starfandi dómara. Líð sem skrá sig til leiks eiga að útvega dómaraefni sem ber skylda að dæma a.m.k. 10 leiki á hverju keppnistímabili. M.v. skráningar í úrvals- og fyrstu deild ættu að vera 51 starfandi dómari, en 30 dómara hafa dæmt leiki, og þar af 18 sem dæmt hafa þegar þetta er ritað meira en 10 leiki á líðandi tímabili.

Eins er meðalaldur dómara að hækka og er kominn í yfir 50 ár fyrir þá sem geta talist starfandi sem dómara. Leikjahæstu dómara eru komnir með yfir 35 leiki á tímabilinu.

Hérna þarf því að lyfta grettistaki til að koma þessum málum í eðlilegan farveg og ná meðalaldri niður í c.a. 40 til 45 ár. Elsti starfandi dómari er 71 árs, 6 dómara eru eldri en 60 ára, 8 dómara milli 50 og 60 ára eða um 47% af þeim sem dæma. Eins er vert að geta að BLÍ hefur þurft að standa straum af kostnaði við ferðir dómara út á land að dæma þar sem ekki er alltaf hægt að stóla á að dómara séu tiltækir, og það eykur kostnað við mótahald til muna sem hlýtur á endanum að bitna á hærri mótagjöldum.

Bikarúrslitahelgin var haldin í Digranesi um miðjan febrúar og í tilefni af því var fenginn til landsins dómaraþjálfari, Hans Almkvist, sem hefur um árabil þjálfað dómara hjá CEV, hélt hann námskeið með dómurum og var með leikrýni á dómara sem dæmdu í bikarúrslitum, og sóttu 15 dómara það námskeið og var gerður góður rómur af.

Alþjóðlegir dómara fengu ýmis verkefni m.a. landsleiki í Færeyjum, Lettlandi, Kýpur og Ísrael. Guðný Rut fór út með landsliði í maí 2023, Guðný Rut og Sigurfinnur fóru til Ikast haustið 2023 og Sævar og Ólafur til Rovaniemi en bæði þessi dómaraþör dæmdu á mótum NEVSA.

Að lokum þakkar dómaranefnd öllum dómurum fyrir samstarfið á líðandi keppnistímabili og vonast til að fá að njóta krafta þeirra áfram, sem og að dómaranefnd vonast til þess að fá fleiri hendur til að vinna í dómgæslu á komandi keppnistímabili.

Fyrir hönd dómaranefndar

Árni Jón Eggertsson, formaður.

Tölfræði um dómgæslu v. Ársþings BLÍ 2024.

Dómaranefnd skipar dómara á leiki í Unbroken deildunum, fyrstu deild og Kjörisbíkar BLÍ. Tekin hefur verið saman tölfræði um leiki og dómgæslu og er hún eftirfarandi og miðast við leiki á tímabilinu 2023 til 2024.

- Úrvalsdeild karla : 87 leikir
- Úrvalsdeild kvenna : 68 leikir
- 1 deild karla : 48 leikir
- 1 deild kvenna : 56 leikir
- Bikarkeppni karlar : 8 leikir
- Bikarkeppni kvenna : 12 leikir

Samtals leikir eru því 279 talsins.

Fjöldi hrina í þessum leikjum eru 2019 talsins og til fróðleiks hafa verið gefin 104 spjöld, 72 gul, 13 rauð, brottvísun 2 og tafaspjöld 17.

Kostnaður vegna dómara er byggður á núverandi gjaldskrá og hefur verið haldið saman tölfræði um leiki mánuð fyrir mánuð, til að halda utanum úthlutun leikja á dómara. Til fróðleiks má sjá kostnað við dómgæslu pr. mánuð og er hann eftirfarandi :

Mánuður	Kostnaður	Fjöldi leikja	Meðalverð á leik	Athugasemd
September	707,000 kr	29	24,379 kr	
Október	870,179 kr	39	22,312 kr	
Nóvember	909,920 kr	42	21,665 kr	
Desember	780,464 kr	34	22,955 kr	
Janúar	824,920 kr	32	25,779 kr	
Febrúar	685,240 kr	40	17,131 kr	
Febrúar bikar	533,000 kr	11	48,455 kr	Bikarúrslitakeppni (3 dómara á leik plús línuvarsla og ritun)
Mars	761,040 kr	32	23,783 kr	
Samtals	6,071,763 kr	279	21,763 kr	

Inni í ofangreindum tölum eru dómgæslulaun, aksturskostnaður, annar kostnaður og dagpeningar til dómara skv. gjaldskrá. Ekki er inni í þessum tölum flug, gisting eða bílaleigubílar vegna ferðalaga dómara. Til útskýringar má nefna að dómara hafa þurft að fara milli landshluta þar sem annað hvort hefur enginn dómari verið viðlátinn eða vegna annarra aðstæðna en segja má að það hafi valdið álagi að hafa fasta leikdaga. Dómaraferðir eru eftirfarandi skv. bókhaldi dómara nefndar :

- September 4 ferðir
- Október 3 ferðir
- Nóvember 1 ferð
- Desember 2 ferðir
- Janúar 4 ferðir
- Febrúar 4 ferðir
- Mars 1 ferð

Dómarar hafa dæmt mismunandi marga leiki eins og sjá má hérna að neðan.

Dómari	Fjöldi leikja	Aðaldómari	Aðstoðardómari
Árni Jón Eggertsson	44	21	23
Guðný Rut Guðnadóttir	41	19	22
Zdravko Demirev	41	28	13
Ólafur Jóhann Júlíusson	41	20	21
Ismar Hadziredzepovic	37	18	19
Þorvaldur Þorsteinsson	33	19	14
Sævar Már Guðmundsson	33	19	14
Haraldur Örn Björnsson	28	14	14
Gunnar Garðarson	24	16	8
Þorvarður Sigurbjörnsson	23	12	11
Marinó Þorsteinsson	23	10	13
Sigurfinnur Líndal	22	10	12
Jón Ólafur Valdimarsson	21	10	11
Þorsteinn Guðnason	18	9	9
Kristján Geir Guðmundsson	14	9	5
Mateusz Klóska	13	5	8
Sigríður Pálsdóttir	13	11	2
Angelica Rodriguez	11	6	5
Sólveig Pálsdóttir	9	5	4
Arnar Guðmundsson	7	0	7
Gunnhildur Hinriksdóttir	7	2	5
Jason Ívarson	6	2	4
Bjarni Páll Vilhjálmsson	6	3	3
Pétur Bergmann Árnason	5	2	3
Rósborg Halldórsdóttir	5	3	2
Sigurbjörn Árni Arngrímsson	5	3	2
Vilhelm Adolfsson	4	0	4
Baldur Freyr Birgisson	4	2	2
Guðrún Ósk Ólafsdóttir	3	0	3
Sölvi Hafþórsson	3	0	3
Atli Freyr Björnsson	2	1	1
Hlöðver Hlöðversson	1	0	1
Sigurður Jón Hreinsson	1	0	1
Svana Laura Verwijnen	1	0	1
Svanur Hafþórsson	1	0	1



Blaksamband Íslands

Ársreikningur 2023



Blaksamband Íslands

Áritun stjórnar

Ársreikningur þessi fyrir árið 2023 er saminn skv. viðurkenndum bókhaldsvenjum og reglum þeim er Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur samræmt fyrir sambandsaðila sína.

Ársreikningur Blaksambandsins samanstendur af rekstrarreikningi 2023, efnahagsreikningi þann 31. desember auk sundurliðana.

Við teljum að hann endurspegli afkomu Blaksambands Íslands fyrir ofangreint starfsár og samþykkjum hann hér með undirritun okkar.

Grétar Eggertsson
Formaður BLÍ

Katrín Einarsson
Framkvæmdastjóri BLÍ

Auður Ösp Jónsdóttir
Gjaldkeri BLÍ

Davíð Búi Halldórsson
Kjörinn skoðunarmaður

Hjörtur Bjarki Halldórsson
Kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2023

	skýr	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	32.823.155	36.198.540
Mótatekjur.....	2		29.783.503
Aðrar tekjur.....	3	63.192.520	25.992.452
		<u>96.015.675</u>	<u>91.974.495</u>
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	22.572.197	30.237.008
Íþróttaleg viðskipti.....	5	50.590.085	69.295.717
Kynning og fræðsla.....	6	5.864.537	3.503.181
Önnur gjöld.....	7	725.705	7.719.052
Afskriftir.....	8	550.000	0
		<u>80.302.524</u>	<u>110.754.958</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		15.713.151	(18.780.463)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	9	67.827	51.569
Vaxtagjöld.....	10	(201.384)	(955.783)
		<u>(133.557)</u>	<u>(904.214)</u>
Hagnaður ársins		<u>15.579.594</u>	<u>(19.684.677)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	skýr	2023	2022
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	11	346.086	346.086
Blakdúkur.....	12	<u>250.000</u>	<u>250.000</u>
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>596.086</u>	<u>596.086</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	13	5.692.740	6.515.533
Aðrar skammtímakröfur.....	13	0	0
Handbært fé	14	<u>6.887.317</u>	<u>1.901.853</u>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>12.580.057</u>	<u>8.517.386</u>
Eignir samtals		<u>13.176.143</u>	<u>9.113.472</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	skýr	2023	2022
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....	15	<u>8.727.069</u>	<u>(6.852.525)</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>8.727.069</u>	<u>(6.852.525)</u>
Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur bankareikninga.....	16	0	709.286
Viðskiptareikningur ÍSí.....	17	0	0
Ógreiddur kostnaður.....	18	3.555.751	13.185.631
Aðrar skammtímaskuldir.....	19	<u>893.323</u>	<u>2.071.080</u>
<i>Skuldir samtals</i>		<u>4.449.074</u>	<u>15.965.997</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>13.176.143</u></u>	<u><u>9.113.472</u></u>

Tekjur	2023	2022
Framlög og styrkir		
ÍSí afrekssjóður	9,161,885	13,000,000
ÍSí útbreiðslustyrkur	5,001,514	4,392,987
ÍSí aðrir styrkir	500,000	2,580,608
ÍSí Lottó	15,054,756	13,084,945
Ríkisstyrkur	3,105,000	3,140,000
	<u>32,823,155</u>	<u>36,198,540</u>
Aðrar tekjur		
Aðrir styrkir	5,261,877	2,328,731
	<u>5,261,877</u>	<u>2,328,731</u>
Strandsblaksmót		
Þáttökugjöld strandblak	2,171,100	2,169,000
Styrktaraðilar strandblak	0	43,479
	<u>2,171,100</u>	<u>2,212,479</u>
Landsleikir		
Sjoppa landsleikir v/fjáröflunar yngri landslið	0	2,636,250
	<u>0</u>	<u>2,636,250</u>
Landsliðsverkefni		
Þáttökukostnaður landsliðsfólks	5,602,840	0
Endurgreiðsla ferðakostnaður	1,136,409	0
	<u>6,739,249</u>	<u>0</u>
Íslandsmót		
Mótagjöld	20,657,608	0
Iðkendagjöld og félagaskipti	15,673,286	21,002,365
	<u>36,330,894</u>	<u>21,002,365</u>
Bikarkeppni		
Þáttökugjöld bikar	2,395,000	845,443
Auglýsingar á bikarúrslitaleikjum	1,310,500	0
Aðgangseyrir bikar		458,131

Styrkur - Kjörís	1,200,000	1,275,000
Bikarkeppni	4.905.500	2,578,574

Félagaskipti

Félagaskipti innanlands	848,000	1,360,500
	848,000	1,360,500

Aðrar fjáraflanir

Þáttökugjöld Landslið	820,000	0
Söluvara BLÍ	224,000	901,125
Aðrar fjáraflanir	0	10,146,770
Hæfileikabúðir	3,731,900	4,080,480
Endurgreiddur ferðakostnaður tekjur	0	6,816,181
Öldungamót 25%	2,160,000	1,712,500
	6,935,900	23,657,056

Aðrar tekjur alls	63,192,520	55,775,955
-------------------	------------	------------

Laun og verktakagreiðslur

Laun starfsmanna	13,189,657	15,178,951
Tryggingagjald	1,030,766	1,118,241
Lífeyrissjóður móttframlag	1,682,902	1,931,205
Sjóðagjöld	202,768	227,160
Endurmenntunarsjóður	0	0
Endurhæfingarsjóður	12,190	14,425
	16,118,283	18,469,982

Bifreiða- og aðrir styrkir

Bifreiðastyrkir starfsmanna	1,360,000	400,000
Bifreiðastyrkir þjálfara	116,400	0
Dagpeningar þjálfara	364,000	0
Dagpeningar starfsmanna	900,000	3,407,130
	2,740,400	3,807,130

Verktakagreiðslur

Sérfræðikostnaður án vsk	669,634	0
	669,634	0

Laun og launatengd gjöld alls	19,528,317	22,277,112
-------------------------------	------------	------------

Áhöld og tæki

Íþróttáhöld	1,417,558	0
Skrifstofuáhöld	253,984	0
Önnur áhöld	152,904	0
	<u>1,824,446</u>	<u>0</u>

Kostnaður landsliða

Flug - landslið	8,579,493	20,875,359
Annar ferðakostnaður v/ landslið	3,175,952	5,154,665
Pr. diem kostnaður landslið	5,352,195	0
Gisting erlendra liða	928,416	0
Gistikostnaður innanlands	380,737	2,058,167
Fæðiskostnaður	61,492	0
Dómgæsla erlendis v/ landsliða	419,500	0
Húsaleiga	396,713	0
Búnaður Boltar, net o.p.h	297,965	0
Búningar	0	11,290
Annað	20,000	0
Þvottur landsliðsbúningar	249,970	0
Fagteymi	937,000	1,366,123
Sjúkrakostnaður	33,496	0
Þátttökugjöld	96,000	0
Scouting	147,004	0
Hæfileikamótun - Fræðsla	2,392,539	0
Gjafir og viðurkenningar	4,032	0
Landsleikir	0	13,907,265
Kostnaður v/þjálfunar	2,111,824	3,096,546
Annar kostnaður	1,014,818	10,627,463
Leyfisgjöld CEV	81,018	669,372
	<u>26,680,164</u>	<u>57,096,878</u>

Kostnaður bikarmóts

Húsaleiga bikarmót	306,180	306,180
Dómarakostnaður bikarmóts	392,000	452,516
Ferðakostnaður dómara	0	14,156
Kynning, tónlist, myndataka	50,000	190,000
Leiga og uppsetning LED	640,610	0
Annar kostnaður	1,016,579	688,249
Verðlaun	0	184,400
Mótaumsjón	149,700	0
	<u>2,555,069</u>	<u>1,835,501</u>

Kostnaður Íslandsmóts

Verðlaunapeningar	740,450	774,639
Ferðakostnaður dómara	1,397,520	76,099
Scouting	1,334,181	0
Mótaumsjón	6,413,951	0
Gistikostnaður	154,378	0
Dómarakostnaður	7,048,894	6,182,493
Annað	808,688	790,793
	<u>17,898,062</u>	<u>7,824,024</u>

Kostnaður strandblak

Mótaumsjón	1,066,257	0
Verðlaun	238,874	1,817,929
Auglýsingar	0	52,013
Annað	327,213	0
	<u>1,632,344</u>	<u>1,869,942</u>

Pátttaka í mótum alls	<u>48,765,639</u>	<u>68,626,345</u>
-----------------------	-------------------	-------------------

Rekstur skrifstofu

Húsaleiga skrifstofu	786,168	1,367,389
Sími..	212,917	184,346
Ritföng	0	54,740
Prentun	0	8,501
Póstkostnaður	0	4,528
Funda- og þingkostnaður	0	941,131
Kaffi- og matarkostnaður	492,483	366,845
Tölvukostnaður	1,339,639	936,967
Skrifstofuáhöld og búnaður	67,073	109,512
Annar skrifstofukostnaður	81,400	1,547,678
Gjafir og blóm	64,200	0
	<u>3,043,880</u>	<u>5,521,637</u>

Kynning, fræðsla og útbreiðsla

Námskeiðsgjöld	661,000	185,697
Ferðakostnaður v/námskeiða	894,282	0
Styrkir vegna ferðakostnaðar	567,000	468,000
Fræðsluefni	206,661	0
Kostnaður v. námskeiðahalds	2,105,515	1,414,945
Námskeið skólablak	349,575	1,434,539
	<u>4,784,033</u>	<u>3,503,181</u>

Nefndakostnaður

CEV - NEVZA fundir	841,926	2,438,259
Árþing BLÍ	207,578	0
Annar funda og þingkostnaður	31,000	0
	<u></u>	<u></u>

	1,080,504	2,438,259
Önnur gjöld		
Þjónustugjöld VISA/EURO	634,083	0
Þjónustugj.-kröfukostn.	95	0
Þjónustugjöld banka - seðilgjöld	91,527	204,872
	<u>725,705</u>	<u>204,872</u>
Ýmislegt		
Sameiginlegur kostnaður landsliða	0	7,300,474
Árgjöld	0	213,706
Annar kostnaður	0	699,372
Niðurfærsla viðskiptakrafna	550,000	
	<u>550,000</u>	<u>8,183,552</u>
Fjármunatekjur og fjármunagjöld		
Vaxtatekjur	67,827	51,569
Vaxtagjöld	(63,186)	(789,456)
Fjármagnstekjuskattur	98	(3,001)
Gengismunur	(85,117)	(99,444)
Dráttarvextir	(53,179)	(63,882)
	<u>(133,557)</u>	<u>(904,214)</u>

Viðaukar

Listi yfir þá sem hlotið hafa heiðursmerki BLÍ
þann 10. Apríl 2024 höfðu eftirtaldir hlotið heiðursmerki BLÍ

Heiðursmerkishafar BLÍ – Gull	ár	Silfurmerkishafa BLÍ silfur	ár
John Framnes	1973	Arngrímur Þorgrímsson	
Albert H.N. Valdimarsson	1973	Jón Ólafur Valdimarsson	
Anton Bjarnason	1975	Stefán Jóhannesson	
Hermann Stefánsson	1974	Jason Ívarsson	
Ólafur Sigurðsson	1993	Leifur Harðarson	
Kjartan Páll Einarsson	1995	Björn Guðbjörnsson	
Guðmundur Arnaldsson	1995	Elma Guðmundsdóttir	
Gunnar Árnason	1997	Guðrún Kristín Einarsdóttir	
Halldór Jónsson	1997	Jón Árnason	
Grímur Magnússon	1997	Sigurður Arnar Ólafsson	
Stefán Jóhannesson	1999	Þorvarður Bragi Sigfússon	
Arngrímur Þorgrímsson	2001	Berglind Þórhallsdóttir	1997
Björn Guðbjörnsson	2001	Stefán Magnússon	1998
Valdimar Örnólfsson	2001	Vilborg Guðmundsdóttir	2004
Berglind Þórhallsdóttir	2002	Geir Guðnason	2004
Björgólfur Jóhannesson	2002	Ástríður Valbjörnsdóttir	2007
Leifur Harðarson	2002	Haukur Valtýsson	2008
Petrún Björg Jónsdóttir	2002	Gunnar Garðarsson	2008
Skjöldur Vatnar Björnsson	2002	Davíð Búi Halldórsson	2008
Þorvaldur Sigurðsson	2002	Viðar Gylfason	2008
Jónas Traustason	2003	Vigfús Örn Gíslason	2008
Dr. Ingimar Jónsson	2005	Zdravko Demirev	2009
Júlíus Hafstein	2006	Karl Sigurðsson	2009
Sigurður Arnar Ólafsson	2008	Ásta Sigrún Gylfadóttir	2011
Vignir Þröstur Hlöðversson	2008	Svala Vignisdóttir	2012
Guðmundur Helgi Þorsteinsson	2008	Kristján Geir Guðmundsson	2012
Jón Ólafur Valdimarsson	2012	Miglena Apostolova	2012
Guðrún Kristín Einarsdóttir	2012	Einar Sigurðsson	2012
Karl Sigurðsson	2012	Apostol Apostolov	2012
Ásta Sigrún Gylfadóttir	2014	Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir	2012
Einar Sigurðsson	2014	Brynjar Júlíus Pétursson	2012
Emil Gunnarsson	2018	Aðalsteinn Einar Eymundsson	2012
Fríða Sigurðardóttir	2018	Sævar Már Guðmundsson	2014
Jason Ívarsson	2019	Halldór Ingi Kárason	2014
Vilborg Guðmundsdóttir	2020	Sigurlaugur Ingólfsson	2014
		Björg Ragna Erlingsdóttir	2014
		Hrafnhildur Theódórsdóttir	2014
		Óskar Hauksson	2015
		Hildur Mósesdóttir	2017
		Grétar Eggertsson	2016
		Filip Pawel Szcwzyk	2018
		Una Kristjana Jónatansdóttir	2018
		Karl Matthías Valtýsson	2018
		Ólafur Jóhann Júlíusson	2018
		Árni Jón Eggertsson	2018
		Sigurbjörn Árni Arngrímsson	2018
		Mundína Ásdís Kristinsdóttir	2018
		Silfurmerkishafa BLÍ silfur	ár

Sunna Prastardóttir	2019
Gunnþór Jens Matthíasson	2019
Andri Hnikarr Jónsson	2019
Sigríður Halldóra Pálsdóttir	2019
Brynja Guðjónsdóttir	2019
Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	2019
Magnús Haukur Ásgeirsson	2020
Heiða Ösp Jónsdóttir	2020
Halldór Elvarsson	2020
Eyrún Harpa Hlynisdóttir	2020
Auður Ösp Jónsdóttir	2020
Steinn Einarsson	2020
Arnar Már Sigurðsson	2021
Sigríður Þrúða Þórarinsdóttir	2021
Sigurður Jón Hreinsson	2021
Kristján Tryggvi Sigurðsson	2021
Marinó Þorsteinsson	2021

Leikmenn 50 landsleikir

Oddný Erlendsdóttir	1997
Birna Hallsdóttir	2007
Vignir Hlöðversson	2007
Emil Gunnarsson	2007
Ólafur Heimir Guðmundsson	2007
Fríða Sigurðardóttir	2007
Róbert Karl Hlöðversson	2009
Valur Guðjón Valsson	2009
Ingibjörg Gunnarsdóttir	2011
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	2013
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	2015
Karen Björg Gunnarsdóttir	2016
Kristján Valdimarsson	2016
Hafsteinn Valdimarsson	2016
Alexander Stefánsson	2017
Hjördís Eiríksdóttir	2017
Erla Rán Eiríksdóttir	2019
Lúðvík Már Matthíasson	2019
Thelma Dögg Grétarsdóttir	2020

Heiðursformenn BLÍ

Albert H.N. Valdimarsson	2012
Dr. Ingimar Jónsson	2012
Tómas Tómasson	2012
Guðmundur Arnaldsson	2012
Björgólfur Jóhannsson	2012
Skjöldur Vatnar Björnsson	2012
Kjartan Páll Einarsson	2012
Arngrímur Þorgrímsson	2012
Björn Guðbjörnsson	2012
Stefán Jóhannesson	2012
Júlíus Hafstein	2012
Jason Ívarsson	2019

Íslandsmeistarar frá upphafi strandblaks á Íslandi

Í karlaflokki:

2004 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2005 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2006 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2007 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2008 – Brynjar Pétursson og Michael Overhage
 2009 – Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson
 2010 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2011 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2012 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson
 2014 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2015 – Karl Sigurðsson og Guðmundur P. Guðmundsson
 2016 – Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson
 2017 – Janis Novikovs og Austris Bukovskis
 2018 – Austris Bukovskis og Sigþór Helgason
 2019 – Sigþór Helgason og Miguel Mateo Castrillo
 2020 – Emil Gunnarsson og Austris Bukovskis
 2021 – Miguel Mateo Castrillo og Oscar Fernández
 2022 – Miguel Mateo Castrillo og Oscar Fernández
 2023 – Miguel Mateo Castrillo og Austris Bukovskis

Í kvennaflokki:

2004 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
 2005 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
 2006 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
 2007 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
 2008 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
 2009 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
 2010 – Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir
 2011 – Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir
 2012 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2013 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2014 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2015 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2016 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
 2017 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
 2018 – Velina Apostolova og Perla Ingólfssdóttir
 2019 – Hulda Elma Eysteinsdóttir og Paula Del Olmo
 2020 – Matthildur Einarsdóttir og Sara Ósk Stefánsdóttir
 2021 – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir
 2022 – Elísabet Einarsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir
 2023 – Hjördís Einarsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir